

Miðvikudaginn 8. júní 1983

Nr. 4/1983. **BJG h/f og
Norðurverk h/f**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

**Vörubílstjórafélagi Suður-Píngeyjarsýslu
og gagnsök**

(Barði Friðriksson hrl.).

Atvinnuréttindi vörubifreiðastjóra. Lögbannsgerð úr gildi felld. Sér-
atkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hætaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Sigurgeir Jónsson og settir hæstaréttardómarar Gaukur Jörundsson og Guðmudur Skaftason.

Aðaláfrýjandi BJG h/f skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. janúar 1983. Hann krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda, Vörubílstjórafélags Suður-Píngeyjarsýslu, og málskostnaðar fyrir báðum dómum.

Aðaláfrýjandi Norðurverk h/f skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. janúar 1983. Félagið krefst þess, að synjað verði staðfestingar lögbanns, sem lagt var við akstri dráttarbíla í eigu félagsins á sementi frá Húsavík til Kröfluvirkjunar 26. apríl 1982. Þá krefst félagið sýknu af kröfum gagnáfrýjanda um viðurkenningu á einkarétti til þeirra flutninga, sem í málinu greinir. Loks krefst Norðurverk h/f málskostnaðar fyrir báðum dómum.

Gagnáfrýjandi, Vörubílstjórafélag Suður-Píngeyjarsýslu, skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. janúar 1983. Krefst félagið staðfestingar héraðsdóms, þó svo, að málskostnaður verði dæmdur því úr hendi aðaláfrýjenda óskipt í héraði. Þá krefst það málskostnaðar fyrir Hæstarétti með sama hætti.

Í máli þessu þarf að skýra 5. gr. laga nr. 36/1970 um leigubifreiðar, en þar segir m. a.:

„Bæjarstjórn er heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags vörubifreiðastjóra, að ákveða, að allar leigubifreiðar til vöruflutninga í kaupstaðnum skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, sem fengið hefur viðurkenningu bæjarstjórnar. . .

Í þeim kaupstöðum og á þeim sýslusvæðum, þar sem viðurkennd vörubifreiðastöð er starfandi, er öllum óheimilt að stunda leiguakstur á vörubifreiðum utan stöðvar eða frá stöð, sem eigi er viðurkennd. Leiguakstur telst það, þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.“

Um það er deilt í málinu, hvort sett hafi verið reglugerð með lögsmætum hætti um það fyrirkomulag, sem um ræðir í lagaákvæði þessu, og um hámarksfjölda vörubifreiða eftir 6. gr. laganna. Er því mótmælt af aðaláfrýjendum með þeim rökum, að reglugerð nr. 79/1982 um hámarksfjölda leigubifreiða til vörubifreiðaakesturs á félagssvæði Vörubílstjórafélags Suður-Þingeyjarsýslu komi hér ein til alita, en henni verði ekki beitt þegar af þeirri ástæðu, að álitsumleitun eftir 6. gr., 2. mgr., laga nr. 36/1970 hafi engin verið. Fullyrðingu lögmanns Norðurverks h/f um þetta hefur að vísu ekki verið mótmælt af hálfu gagnáfrýjanda, en upplýsingar frá samgönguráðuneytinu um undirbúning reglugerðar nr. 79/1982 hafa ekki komið fram. Gildi hennar þykir ekki ráða úrslitum í máli þessu, þar sem þau ráðast þegar af skýringu á 5. gr. laga nr. 36/1970. Við þá skýringu má hafa til hliðsjónar 2. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Er ljóst, að sum tækjanna, sem til flutninganna voru ætluð, voru bifreiðar í skilningi umferðarlaga, þ. e. dráttartæki, sem þó voru ekki dráttarvélar eftir lögnum. Auk dráttartækjanna átti að nota vagna, sem ekki eru bifreiðar í skilningi umferðarlaga. Hinar vélknúnu dráttarbifreiðar og vagnarnir, sem við þá skyldi tengja, verða ekki talin til vörubifreiða samkvæmt lögum nr. 36/1970, sbr. áður lög nr. 23/1953, 25/1955, 24/1957, 40/1957, 52/1965, 1/1966 og 22/1967. Þar er þess að gæta, að tæki þessi, sem vissulega má nota til flutninga, sem framkvæma má með vörubifreiðum, voru tækninýjung, sem var til þess fallin að breyta í verulegu atriðum vöruflutningum á vegum. Þau má einng nota til að flytja varning, sem ekki er unnt að flytja á vörubifreiðum vegna stærðar og þunga einstakra stykkja. Ber af þeirri ástæðu að taka sýknukröfur aðaláfrýjenda til greina og fella úr gildi lögban það, sem á var lagt í fógetadómi Þingeyjarsýslu 26. apríl 1982.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða

aðaláfrýjendum 10.000.00 krónur í málskostnað, samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjendur, BJG h/f og Norðurverk h/f, skulu vera sýknir af kröfum gagnáfrýjanda, Vörubílstjórafélags Suður-Píngeyjarsýslu, og er framangreint lögbann úr gildi fellt.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjendum 10.000.00 krónur í málskostnað, samtals í héraði og fyrir Hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i
hæstaréttardómaranna Ármanns Snævarr og
Sigurgeirs Jónssonar.

I.

Þegar virt er forsaga ákvæðis 2. mgr. 5. gr. laga nr. 36/1970, sbr. fyrri lög nr. 23/1953, 40/1957 og 1/1966 ásamt breytingarlögum, þykir sýnt, að tilgangur ákvæðisins sé m. a. að vernda atvinnuöryggi þeirra, er stunda leiguakstur til vöruflutninga. Með ákvæðinu er öllum mönnum á þeim stöðum, þar sem viðurkennd vörubifreiðastöð er starfandi, óheimilað að stunda leiguakstur á vörubifreiðum utan stöðvar eða frá stöð, sem eigi er viðurkennd. Heitið vörubifreið er eigi skýrgreint í ákvæðinu. Eigi eru neinar skorður settar í ákvæðinu um gerð vörubifreiða, er hlíti ákvæðinu, eða flutningsgetu þeirra. Þegar tilgangur ákvæðisins er hafður í huga, ber að túlka það svo, að allar vörubifreiðar falli hér undir, en telja verður, að flutnigstæki þau, sem greinir í málinu, séu bifreiðar í merkingu 2. mgr. 5. gr. laga nr. 36/1970, sbr. og 2. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, og skyldi nota þau til vöruflutninga. Voru tæki þessi ætluð til leiguaksturs, svo sem skýra ber það orð í ákvæðinu. Einkaréttur sá, er felst í 5. gr., 2. mgr., laga nr. 36/1970 og reglugerð nr. 79/1982 til handa gagnáfrýjanda verður ekki skertur með samningi þeim frá 27. október 1980 milli Vinnuveitendasambands Íslands og Landssambands vörubifreiðastjóra, sem greindur er í héraðsdómi.

Fram er komið í máli þessu, að flutningar þeir frá Húsavík til Kröfluvirkjunar, sem um ræðir í málinu, vörðuðu bæði sement og pípur, sbr. verksamning 7. apríl 1982, er greinir í héraðsdómi. Afstaða gagnáfrýjanda til vöruflutninga þessara verður samkvæmt gögnum málsins eigi skilin öðruvísi en svo, að hann hafi aðeins óskað að taka að sér sementsflutningana. Úr því að málið horfði svona við, átti gagnáfrýjandi ekki lögvarið tilkall til, að lögbanni yrði beitt. Ber því að taka til greina sýknukröfur aðaláfrýjanda og fella úr gildi lögbann það, sem á var lagt í fógetadómi Suður-Þingeyjarsýslu 26. apríl 1982.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjendur, BJG h/f og Norðurverk h/f, skulu vera sýknir af kröfum gagnáfrýjanda, Vörubilstjórafélags Suður-Þingeyjarsýslu, í máli þessu, og er framangreint lögbann fellt úr gildi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Þingeyjarsýslu 17. desember 1982.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 3. þ. m., var höfðað með stefnu, birtri 1. og 2. maí 1982.

Málinu var hinn 28. júní 1982 vísað frá dómi, en með dómi Hæstaréttar hinn 20. október 1982 var hinn kærði frávísunardómur úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað itl efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Stefnandi er Vörubilstjórafélag Suður-Þingeyjarsýslu.

Stefndu eru Norðurverk h/f, Akureyri, og BJG h/f, Reykdælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Þá er Rafmagnsveitum ríkisins-Kröfluvirkjun, Akureyri, stefnt til réttargæslu í máli þessu.

Dómkröfur stefnanda eru, að staðfest verði lögbann það, er lagt var á þann 26. apríl 1982 gegn akstri stefndu á sementi frá Húsavík til Kröfluvirkjunar, og að viðurkenndur verði einkaréttur stefnanda til að annast flutninga þessa.

Þá er þess krafist, að stefndu verði gert að greiða stefnanda málskostnað

að skaðlausu, þar á meðal allan kostnað við lögbannið eftir mati dómsins.

Dómkröfur stefnda Norðurverks h/f eru þær, að synjað verði staðfestingar lögbannsins og mótmælt því, að viðurkenndur verði með dómi einkaréttur stefnanda til greindra flutninga.

Loks er krafist málskostnaðar að mati réttarins.

Dómkröfur stefnda BJK h/f eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að synjað verði staðfestingar lögbannsins, er í málinu greinir, svo og að stefnanda verði dæmt að greiða sér málskostnað.

Réttargæslustefndi, Rafmagnsveitur ríkisins-Kröfluvirkjun, hefur látið sækja þing og gert þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda, og krefst einnig málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavexti segir stefnandi vera þessa:

Á árinu 1981 voru sementsflutningar frá Kaupfélagi Þingeyinga á Húsavík til Kröfluvirkjunar boðnir út af Rafmagnsveitum ríkisins-Kröfluvirkjun, og var sementi þá ekið af stefndu í þessu máli samkvæmt samningi frá 6. maí 1981. Samningur þessi hefði verið gerður með samþykki stefnanda, sem ekki vildi sinna þessum flutningum sl. ár. Nýr samningur hefði síðan verið gerður, án útboðs, milli sömu aðilja hinn 7. apríl 1982. Þegar stefndu svo hófu flutningana á sementi samkvæmt hinum nýja samningi hinn 26. apríl sl., sá stefnandi sig tilneyddan að leggja lögbann við flutningunum, þar sem þeir töldu hinn síðari samning skýlaust brot á einkarétti stefnanda á flutningum af þessu tagi.

Stefndi Norðurverk h/f kveður málavexti vera þá, að hinn 30. apríl 1981 hafi Rafmagnsveitur ríkisins boðið út flutninga á borleðju og sementi fyrir Kröfluvirkjun frá Húsavík til Kröfluvirkjunar í Mývatnssveit. Stefndi hafi gert tilboð í greinda flutninga og um þá tekist samningur 6. maí 1981. Eigi hafi borist tilboð frá stefnanda í flutninga þessa og hafi honum þó verið send útboðsgögn.

Þar sem flutningur þessi hafi í alla staði tekist vel, hafi í framhaldi þeirra verið gert nýtt samkomulag með samningi, dagsettum 7. apríl 1982, um áframhaldandi flutninga milli sömu aðilja. Skyldu stefndu flytja 300 tonn af sementi og 435 tonn af fóðurpípum frá Húsavík til Kröfluvirkjunar. Flytjendur hugðust framkvæma flutninga þessa með stórvirkum flutningatækjum þ. e. dráttarbilum, er draga flutningasleða. Burðargeta slíkra flutningasleða sé allt að 25 tonnum og séu þeir helmingi lengri en venjulegir vörubílsparlar.

Því er mótmælt af hálfu stefnda, að samningurinn frá 6. maí 1981 hafi verið gerður með samþykki stefnanda, enda engin gögn til um það. Stefnanda hafi verið boðið að bjóða í flutningana í fyrra, en hann ekki sinnt því. Af því háttalagi hafi mátt ráða, að hann hefði engan áhuga á flutningunum í ár.

Lögð hefur verið fram í málinu reglugerð nr. 79/1982 um hámarksfjölda leigubifreiða til vörubifreiðaaaksturs á félagssvæði Vörubílstjórafélags Suður-Þingeyjarsýslu frá 5. mars 1982. Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 36/1970 um leigubifreiðar, en í 2. mgr. 5. gr. laganna segir svo:

„Í þeim kaupstöðum og á þeim sýslusvæðum, þar sem viðurkennd vörubifreiðastöð er starfandi, er öllum óheimilt eð stunda leiguakstur á vörubifreiðum utan stöðvar eða frá stöð, sem eigi er viðurkennd. Leiguakstur telst það, þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.“

3. gr. reglugerðarinnar hljóðar svo:

„Leiguakstur telst, þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.“

Stefnandi byggir kröfur sínar á ákvæðum áður nefndrar reglugerðar og enn fremur á forgangsréttarákvæðum í 5. gr. kjarasamnings milli Landsambands vörubifreiðastjóra og Vinnuveitendasambands Íslands frá 27. okt. 1980, sem liggur frammi í málinu. En í munnlegum málflutningi byggði lögmaður stefnanda kröfur sínar fyrst og fremst á ákvæðum 2. mgr. 5. gr. fyrrgreindra laga.

Stefnandi eigi einkarétt til flutninga á farmi þeim, sem hér um ræðir (sementinu). Telur hann, að forgangsréttur félagsmanna taki til allra flutninga á farmi af þessu tagi, þ. e. á farmi, sem eigi er eitt stykki, er fer yfir 15 tonn, skuli fluttur af stefnanda.

Stefnandi hafnar alfarið þeim skilningi stendur, að þar sem útboð hafi farið fram í fyrri, gildi ekki einkaréttur stefnanda um flutninga þá, sem hér er fjallað um. Í fyrsta lagi þurfi stefnandi ekki að sinna útboði, enda sé óheimilt að bjóða slík verk út á félagssvæðinu. Í öðru lagi gildi útboð á árinu 1981 ekki um flutninga þá, sem hér er um að ræða.

Stefndi Norðurverk h/f byggir sýknukröfur sínar í fyrsta lagi á því, að greind reglugerð nr. 79 frá 5. mars 1982 sé gildislaus. Reglugerðina skorti lagastöð, með því að lögætum skilyrðum um tilurð hennar hafi eigi verið sinnt varðandi umsögn Vinnuveitendasambandsins, áður en hún hafi verið sett, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 36/1970 um leigubifreiðar. Þá telur stefndi, að reglugerðin eigi einungis við vöruflutningabifreiðar til leiguaksturs, en gildi ekki um dráttarbifreiðar.

Í öðru lagi hafi Vinnuveitendasamband Íslands aldrei viðurkennt einkarétt vörubifreiðastjóra til aksturs á hverju félagssvæði. Hins vegar séu í kjarasamningi aðilja ákvæði um forgangsrétt vörubifreiðastjóra til leiguaksturs. Sá forgangsréttur, sem hér um ræðir, taki einungis til vörubifreiða innan þeirra stærðarmarka, 15 tonna, sem samningurinn tekur til. Hverjum ein-

stökum eiganda farms sé hins vegar fullkomlega heimilt að nota aðrar gerðir flutningabíla, s. s. sendiferðabíla eða dráttarbíla, án tillits til þess, hvaða vöru sé um að ræða.

Stefndi bendir einnig á, að samningur RARIK-Kröfluvirkjunar frá 6. apríl 1982 við stefndu um flutningana sé verksamningur, en slíkan samning hafi verið heimilt að gera þrátt fyrir forgangsréttarákvæði kjarasamningsins. Enn fremur að ákv. laga nr. 36/1970 um leigubifreiðar taki einungis til leigu- og vinnusamnings, en ekki til verksamnings.

Stefndi BJG h/f byggir sýknukröfur sínar í meginatriðum á sömu rökum og meðstefndi Norðurverk h/f.

Hér sé um að ræða flutninga með tækjum, sem ekki eru vörubifreiðar í skilningi reglugerðarinnar og ekki reknar sem slíkar. Farminn eigi að flytja fyrir ákveðið verð á grundvelli útboðs og verklýsingar og Íslensks staðals, IST 30. Reglugerðin fjalli einvörðungu um rekstur leigubifreiða til vöruflutningaaksturs. Slíkar bifreiðar séu skilgreindar í umferðarlögum, lögum um tollskrá og víðar og aðgreinist frá svonefndum dráttar- og tengivögnum, sem stefndi noti gjarnan við framkvæmd samninga.

Álit dómsins:

Í 5. gr. laga nr. 36/1970 er talað um „leiguakstur á vörubifreiðum.“ En þar er ekki nánar skilgreint, hvaða bifreiðar skuli teljast vörubifreiðar.

Í málinu liggur fyrir vottorð frá Bifreiðaeftirliti ríkisins, dags. 4. maí 1982 (sbr. dskj. nr. 18), og segir þar m. a.:

„Í lögum og reglum er engin nákvæm skilgreining á mun vörubifreiða og dráttarbifreiða, og margar vörubifreiðar, sem eru með palli, eru einnig með tengibúnað fyrir aftanívagna. Í umsókn um skráningu ökutækja og í skráningarskírteini eru samt reitir til að merkja í, hvort bifreiðin er skráð sem vörubifreið eða dráttarbifreið. Sú meginregla gildir, að bifreiðar, sem eru palllausar, en með stól til að tengja við festivagn, eru skráðar sem dráttarbifreiðar, en þær, sem eru með palli, eru skráðar sem vörubifreiðar, óháð því, hvort þær eru með tengibúnað.“

Að vísu voru bifreiðar þær, sem stefndu hugðust nota við flutning á sementinu, ekki venjulegar vörubifreiðar. En skv. því, sem fram er komið í málinu, var sement það, sem flytja átti með dráttarbifreiðum, þess háttar flutningar, sem flytja mátti með venjulegum vörubifreiðum.

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 36/1970 verður því að telja, að það hafi verið andstætt ákvæðum greinarinnar að flytja sement það með dráttarbifreiðum stefndu, sem var tækt bifreiðum félagsmanna Vörubílstjórafélags Suður-Þingeyjarsýslu.

Varðandi Þá málsástæðu stefndu, að hér sé um verksamning að ræða milli stefndu og réttargæslustefnda, sem lög nr. 36/1970 taki ekki til, þá

lítur dómari svo á, að það hafi verið andstætt ákvæðum 2. mgr. 5. gr. nefndra laga að gera samning um að láta stefndu flytja sement það, sem um ræðir í málinu, án þess að gera áskilnað um það, að félagsmenn Vörubílstjórafélags Suður-Þingeyjarsýslu sætu fyrir um þá flutninga á félagssvæði sínu. Samkvæmt þessu ber að fallast á dómkröfur stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Sigurður Briem Jónsson aðalfulltrúi kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Framangreind lögbannsgerð staðfestist.

Viðurkenndur er einkaréttur stefnanda, Vörubílstjórafélags Suður-Þingeyjarsýslu, á félagssvæði sínu að því er varðar flutning þann á sementi, er í málinu greinir, sem fluttur varð með venjulegum vöruf lutningabifreiðum.

Málskostnaður fellur niður.

Úrskurður fúgetaréttar Þingeyjarsýslu 26. apríl 1982.

Ekki er neitt komið fram í máli þessu, er bendir til eða sanni, að ákvæði reglugerðar á dskj. nr. 1 gildi ekki um umdeildan flutning á sementi. Hefur lögbannsbeiðendum ekki verið sannanlega gefinn kostur á að gera samning um flutning né heldur að gera tilboð í hann.

Er því lagt lögbann við flutningi Norðurverks h/f og BJG h/f á honum gegn setningu bankatryggingar, kr. 50.000.00, eða annarrar jafngildrar tryggingar.